

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar.

59

27. apríl

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um sérstakan tímareikning.

60

28. apríl

Samkvæmt heimild í lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um sérstakan tímareikning.

Fyrir tímabilið frá 30. apríl til 1. október 1939 skal hafa sérstakan tímareikning, þannig að klukkan verði færð fram um eina klukkustund frá svonefndum íslenskum meðaltíma.

Þetta kemur til framkvæmda þannig, að sunnudagurinn 30. apríl byrjar 29. apríl kl. 23 (11 að kvöldi), eftir íslenskum meðaltíma og laugardagurinn 30. september endar einni klukkustund eftir miðnætti samkvæmt tímareikningi þeim, sem ákveðinn er með þessari reglugerð.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. apríl 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt á Ísafirði.

61

29. apríl

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ísafjarðar-arkaupstaðar, að undanskildum fasteignum þeim, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. desember 1937.

2. gr.

Fasteignaskatturinn skal vera:

Af húsum, bryggjum, olíu- og benzingeymum:

- a. 0,5% — fimmtíu aurar af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs skal greiða af hverju húsi því eða húshluta, sem notað er til íbúðar og þannig er hagnýtt, að ekki komi yfir tíu þúsund krónur af fasteignamatsverði hússins á fyrstu fjölskyldu, og fimm þúsund krónur á hverja hinna, þeirra er í húsinu búa. Ennfremur skal sama gjald greiðast af þeim húsum eða húshlutum, sem notuð eru í þágu iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs og verzlunar þessara atvinnugreina með þær vörur, sem eru þeirra eigin framleiðsla að meira

61
29. apríl

- eða minna leyti. Skulu og heyra undir þennan flokk ekki aðeins hús eða húshlutar, sem fiskframleiðendur nota til fiskverkunar, heldur og salthús, þó þeir selji salt. Þá skulu einnig heyra undir þennan flokk hús og húshlutar, sem leigð eru fyrir skrifstofur ríkis og bæjar, fyrir samkomur eða sem gistihús. Loks heyra bryggjur undir þennan gjaldflokk.
- b. 0,75% — sjötíu og fimm aurar af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs skal greiða af hverju því húsi eða húshluta, sem hagnýtt er þannig, að ekki komi meira en fimmtán þúsund krónur fasteignamatsverðs á fyrstu fjölskyldu og eigi meira en tíu þúsund krónur á hverja hinna, sem í húsinu búa.
- c. 1% — ein króna af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs skal greiða af þeim húsum eða húshlutum, sem notuð eru til íbúðar og ekki heyra undir gjaldflokkana a. og b. Ennfremur skulu heyra undir þennan flokk öll þau hús eða húshlutar, sem notuð eru til verzlunar og eigi heyra undir flokk a. Einnig hús eða húshlutar, sem notuð eru til bankastarfsemi, eða til veitinga, svo og billiardstofur og olíu- og benzingeymar.

3. gr.

Af öllum byggingalóðum, byggðum og óbyggðum, skal gjalda 1,2% — ein króna og tuttugu aurar af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs. Af uppfyllingum, sem ekki eru ætlaðar fyrir byggingalóðir, reitum, túnnum og öðru landi, sem ætlað er til atvinnureksturs, skal greiða 0,3% — þrjátíu aura af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs.

4. gr.

Sé hús notað á meir en einn hátt, skal bæjarráð Ísafjarðar meta það, hve mikill hluti af fasteignamatsverði hússins komi á hverja grein notkunarinnar.

5. gr.

Sem fjölskylda telst, samkvæmt reglugerð þessari, í minnsta lagi þrír einstaklingar, en fjölskylda, sem er yfir tíu manns, telst tvær fjölskyldur.

6. gr.

Gjöld þessi skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt. Gjöld af húsum samkvæmt reglugerð þessari ákveðast samkvæmt síðasta manntali.

7. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir falla á skattinn eftir tvo mánuði frá gjalddaga og eru þeir hinir sömu og á útsvörum. Skatturinn fyrir árið 1939 fellur þó ekki í gjalddaga fyrr en 1. maí þ. á. Um innheimturétt og greiðsluskyldur fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 69 frá 31. desember 1937. Skattinn má taka lögtaki.

Ákvæði til bráðabirgða:

Bæjarstjórn Ísafjarðar heimilast að ákveða gjalddaga skatts af leigulóðum fyrir árið 1939, þegar sundurgreint fasteignamat lóðanna liggur fyrir.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.